



**405. fundur Þingvallanefndar
23. janúar 2014**

Fundur haldinn í húsnæði Þingvallanefndar 23. janúar 2014. Fundarmenn voru alþingismennirnir Sigrún Magnúsdóttir formaður, Birgir Ármannsson varaformaður, Haraldur Einarsson, Svandís Svavarsdóttir og Ásmundur Friðriksson.

Fundinn sátu einnig Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður og Hrefna Jónsdóttir ritari sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði:

Erindi til ákvörðunar

1. Þingvallanefnd barst tölvupóstur frá sumarhúsaeigenda um boð á kaupum að sumarhúsi hans. ÞVN óskar eftir formlegu erindi.
Frestað.
2. Þingvallanefnd barst erindi frá innanríkisráðuneytinu þar sem óskað er eftir afstöðu ÞVN við erindi sem barst ráðuneytinu varðandi dreifingu ösku við Þingvallavatn.
Lilja Jónasdóttir lögræðingur tók saman minnisblað dags. 21.1.2014 um löggjöf varðandi dreifingu ösku látinna manna. Samkvæmt minnisblaðinu er óheimilt að dreifa ösku látinna manna yfir byggð eða stöðuvötn. Breyta þyrfti lögum áður áður slíkt yrði heimilað.
Erindi vísað aftur til innanríkisráðuneytisins með þeim rökum sem fram koma í minnisblaði Lilju Jónasdóttir.
Samþykkt.
3. Styrkur vegna rannsókna á Þingvallaurriða, gestur Jóhannes Sturlaugsson.
Jóhannes kynnti rannsóknir sínar þ.e. Laxfiska ehf á urriða í Þingvallavatni og Öxará.
Samþykkt að veita Laxfiskum ehf styrk upp á 1. mkr.

Birgir Ármannsson vísar af fundi ÞVN.
4. Styrkur vegna rannsókna og veiða á mink í þjóðgarðinum. Reynir Bergsveinsson óskar eftir styrktarframlagi upp á 400 þús.kr.
Samþykkt
5. Erindi til ÞVN um eignaskipti frá dánarbúi móður til sona. Nafnabreyting. Samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

